

## 791. fundur

Árið 2023, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum miðvikudaginn 9. ágúst, kl. 8:00 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Friðjón Einarsson, Anton Kristinn Guðmundsson, Guðmann R. Lúðvíksson, Sverrir Auðunsson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Friðjón Einarsson formaður stjórnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn.

### Dagskrá:

1. *Skilvirkt stjórnskipulag – kynning á samantekt ráðgjafasviðs KPMG.*  
Ráðgjafar KPMG hafa tekið saman drög að skýrslu um skilvirkara stjórnskipulag fyrir S.S.S. í framhaldi af Vetrarfundi SSS 2023.

Stjórn S.S.S. mun leggja fram tillögu að breyttu stjórnskipulagi fyrir aðalfund S.S.S. 2023 ásamt breytingum á samþykktum.

2. *Ársreikningur Markaðsstofu Reykjaness 2022 – gestur Kristján Ragnarsson Deloitte.*

Starfsemin á árinu og framtíðarhorfur	2022	2021
Rekstrartekjur félagsins námu.....	38.130.000	43.308.398
Hagnaður (tap) félagsins nam.....	406.206	3.606.158
Fjöldi ársverka nam.....	3	2
	31.12.2022	31.12.2021
Eignir félagsins námu.....	17.731.416	9.256.288
Bókfært eigið fé nam.....	3.907.996	3.501.790
Eiginfjárlutfall félagsins nam.....	22,0%	37,8%

Stjórn og framkvæmdastjóri Markaðsstofu Reykjaness samþykkir ársreikning félagsins með undirritun sinni.

3. *Erindi frá Mennta- og barnamálaráðuneyti, dags. 22.06.2023 v. beiðni um umsögn landshlutasamtakanna um svæðisbundið samráð sveitarfélaga í þágu farsældar barna.*

Stjórn S.S.S. leggur til að svæðisbundið samráð sveitarfélaga í þágu farsælda barna miðist að jafnaði við landshlutasamtök sveitarfélaga.

4. *Tölvupóstur frá Íslandsstofu, dags. 20.06.2023 v. beiðni um samstarf vegna útflutningsstefnu Íslands (vinnustofur).*  
Stjórn S.S.S. tekur vel í erindið og felur verkefnastjóra Markaðsstofu Reykjaness að vinna verkefnið áfram í samstarfi við hagsmunaaðila.
  
5. *Erindi frá Ríkislögreglustjóra, dags. 21.06.2023 v. beiðni um svæðisbundið samráð gegn ofbeldi og afbrotum á Suðurnesjum – Velferðarmiðstöð Suðurnesja.*
  - a) *Bréf frá Reykjanesbæ, dags. 14.07.2023.*
  - b) *Tölvupóstur frá Suðurnesjabæ, dags. 13.07.2023.*
  - c) *Tölvupóstur frá Grindavíkurbæ, dags. 11.07.2023.*
  - d) *Bókun frá Sveitarfélaginu Vogum, dags. 06.07.2023.*Sveitarfélögin á Suðurnesjum hafa öll staðfest þátttöku sína í verkefninu. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að verkefninu.
  
6. *Bréf frá Bændasamtökum Íslands, dags. 06.07.2023 v. lausagöngu/ágangs búfjár.*  
Lagt fram.
  
7. *Afrit af yfirlýsingu Reykjanesbæjar dags. 05.07.2023 v. mögulegar sameiningar Fjölbrautaskóla.*  
Stjórn S.S.S. tekur undir bókun bæjarstjórnar Reykjanesbæjar um að lögð verði áhersla á að fjölbreytt námsval standi nemendum á Suðurnesjum til boða héðan í frá sem hingað til og aðgerðir ríkisins megi ekki koma niður á framboði og gæðum náms.  
  
Stjórn S.S.S. undrast tómlæti ríkisvaldsins og óljósa framtíðarsýn þess fyrir hönd framhaldsskólana á Suðurnesjum. Þetta er á engan hátt í samræmi við fund stjórnar S.S.S. og fulltrúa Mennta- og barnamálaráðuneytisins sem haldinn var þann 23.maí s.l. Stjórn S.S.S. óskar eftir skýrum svörum frá hálfu ráðuneytisins eigi síðar en 15. ágúst.
  
8. *Önnur mál.*  
Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2024 verður á dagskrá næsta stjórnarfundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:40.

*Friðjón Einarsson*

*Guðmann R. Lúðvíksson*

*Anton K. Guðmundsson*

*Sverrir Auðunsson*

*Berglind Kristinsdóttir*